

Mál nr. 262/2010

M

og

vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.

Ágreiningur um bótaskyldu vinnuveitanda vegna slyss þann 10.6.2008.

Gögn.

1. Málskot, móttengið 1.9.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags 13.9.2010, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M var að störfum á verkstæði vinnuveitanda síns, blikksmiðjunnar V. Var hann ásamt samstarfsfélaga sínum að beygja blikkplötu í sérstakri beygjuvél. Platan var 202 cm á lengd, 32,5 cm á breidd og 1 mm á þykkt. Stóðu þeir við sinn hvorn enda plötunnar og voru að stilla plötuna af við beygjuvélinu. Mun M þá hafa fallið fram á vélina og um leið stigið á fótstig sem setti af stað pressu vélarinnar þannig að hún lagðist saman. Við það klemmdust á milli þrír fingur vinstri handar M með þeim afleiðingum að hann missti framan af þeim.

Í lögregluskýrslu er haft eftir M að þetta hafi verið klaufaskapur í sér að falla fram og lenda í þessu. Hann hafi verið að vinna við blikkplötuna ásamt öðrum og hefði hann sjálfur ýtt á fótstigið.

Í umsögn Vinnueftirlits ríkisins um slysið kemur fram að gúmmímotta sem lá á gólfinu fyrir framan vélina og stóð 50 cm út frá henni hafi verið slitin og trosnuð. Hafi hún verið farin að vinda sig og sérstaklega á þeim enda hennar þar sem M var við vinnu sína. Um orsök slyssins segir í umsögninni að M hafi fallið fram á vélina af einhverjum ástæðum þegar hann var að stíga á fótstigið. Hugsanlegt sé að hann hafi hnotið um mottuna sem hafi verið slitin og undin.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá vátryggingafélaginu X vegna líkamstjóns síns. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt gögnum málsins liggur ekkert fyrir um það að beygjuvél sú sem M var að vinna við hafi verið biluð eða vanbúin. Hins vegar kemur fram í umsögn Vinnueftirlitsins að motta fyrir framan vélina hafi verið slitin og trosnuð verið farin að vinda sig, einkum þar sem M var við vélina. Segir að hugsanlegt sé að M hafi hnotið um mottuna. M kveður slysið mega á hinn bóginn rekja til eigin klaufaskapar. Eins og mál þetta liggur fyrir þykir ekki nægilega sannað að slysið megi rekja til ásigkomulags mottunnar. Ekki verður heldur séð að slysið verði að öðru leyti rakið til atvika sem V ber ábyrgð á. Samkvæmt þessu fæst líkamstjón M ekki bætt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist ekki.

Reykjavík, 12. október 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.